

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir og Magnús Ingi Jónsson, framkvæmdu eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 20. mars til 27. apríl 2026 vegna frávíka sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 2. desember 2025 vegna ítareftirlits í eldisstöðina að Nauteyri.

Matvælastofnun veitti eftirlitsþega frest til 2. mars 2026 til að ljúka lagfæringum á alvarlegum frávikum og frávikum í framangreindi eftirlitsskýrslu.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlits. Gögnin bárust 26. mars og 22. apríl og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að loknu eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært fjögur alvarleg frávik en þrjú alvarleg frávik hafa verið færð í frávik þar sem úrbætur hefur verið lokið að mestu. Eftir standa tvö alvarleg frávik og fjögur frávik.

Veittur er frestur til úrbóta til 20. maí 2026.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna	20/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun	20/05/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	20/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók	20/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	20/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	20/05/2026

Viðstödd heimsókn Háafell ehf.
Kennitala viðtakenda 520199-3149
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.
Frágangur 8 klst.
Tímar við úttekt 1 klst. og 30 mín.
Akstur 0 klst.

Frávík í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Eftirlitsmenn óskuðu eftir því að fá þjálfunarskrá allra starfsmanna. Eftirlitsþegi gat einungis framvísað þjálfunarskrá sex starfsmanna en í eldisstöðinni starfa átta starfsmenn. Ekki liggur fyrir þjálfunarskrá staðgengis stöðvarstjóra en viðkomandi starfsmaður hefur gengt öðrum störfum innan stöðvarinnar áður en hún tók við starfi staðgengils.

Í þjálfunarskrá kemur ekki fram hvenær starfsmaður hóf störf né hvaða dag þjálfun fór fram.

Þjálfunarskrár þriggja starfsmanna eru á tungumáli sem eftirlitsmenn skilja ekki og því ekki hægt að staðfesta þjálfun viðkomandi starfsmanna.

Í þjálfunarskrá starfsmanna vantar að tilgreina þátttöku þeirra í árlegum fundi um innihald gæðahandbókar.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir þjálfunarskrá allra starfsmanna eldisstöðvarinnar. Stofnuninni var sent skjal sem ber heitið „Þjálfunarskrá Nauteyri.“ Að mati stofnunarinnar er ekki um að ræða eiginlega þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna heldur eitt skjal sem límt er inn í þjálfun allra starfsmanna. Þannig eru fleiri en einn starfsmaður tilgreindur á hverri blaðsíðu. Þá er ekki að finna upplýsingar um upphafs dags starfs viðkomandi starfsmanna.

Einungis bárust upplýsingar um þjálfun sex starfsmanna en samkvæmt upplýsingum í öðrum innsendum gögnum (staðfestingu starfsmanna á þátttöku í árlegum fundi) eru starfsmenn eldisstöðvarinnar fleiri.

Af yfirferð yfir það skjal sem geymdi yfirlit yfir þjálfun starfsmanna getur Matvælastofnun ekki staðfest að neinn af starfsmönnum eldisstöðvarinnar hafi fengið alla þá þjálfun sem skylt er að fá samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og verklag eftirlitsþega um þjálfun kveður á um að starfsmenn eigi að fá.

Þar sem fullnægjandi úrbætur hafa ekki átt sér stað stendur alvarlegt frávík enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Verklag um sannprófun þarf að uppfæra. Ekki er tilgreint að sannprófa þurfi eftir verulega breytingar, sbr. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Af yfirferð eftirlitsmanna á sannprófun eftirlitsþega sem framkvæmd var í janúar 2025 er ljóst að eftirlitsþegi sannprófar alla kafla gæðahandbókar en úrbótaáætlun var ekki til staðar.

Ljóst er að upp hafa komið atvik og breytingar á rekstri eldisstöðvarinnar síðastliðið ár sem gáfu tilefni til þess að sannprófa. Fyrir liggur að skrifuð var skýrsla af framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa þar sem farið var yfir eitt af þeim atvikum en hún uppfyllir ekki kröfur sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gerir til sannprófunar. Eftirlitsþegi hefur því ekki sannprófað atvik sem átti að sannprófa.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir öllum sannprófunum sem höfðu verið framkvæmdar frá síðasta eftirlit Matvælastofnunar. Meðal innsendra gagna var að finna sannprófun þegar nýtt eldishús, C2, var tekið í notkun. Sannprófun þessi uppfyllir ekki kröfu reglugerðar um sannprófun. Sannprófunaraðili var einn við framkvæmd sannprófunarinnar og ekki hlutlaus hvað varðar þá þætti sem sannprófaðir voru. Ekkert liggur fyrir að „rýnihópur“ sem samkvæmt verklagi eftirlitsþega um sannprófun er hluti af sannprófunarráði hafi verið viðstaddur, tekið þátt í sannprófuninni eða yfirfarið skýrslu um sannprófun eins og áskilnaður er um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Matvælastofnun telur því ljóst að eftirlitsþegi fari ekki eftir eigin verklagi.

Þegar eftirlit Matvælastofnunar var framkvæmt þann 5. nóvember 2025 hafði síðasta árlega sannprófun átt sér stað í janúar 2025. Í verklagsreglu um sannprófun sem Matvælastofnun fékk senda í eftirfylgni eftirliti kemur fram að árleg sannprófun skuli fara fram í nóvember. Engin árleg sannprófun barst stofnuninni við eftirfylgni eftirlit og lítur hún því svo á að árleg sannprófun hafi ekki farið fram. Eftirlitsþegi fer því ekki eftir eigin verklagi um sannprófun þar sem síðasta árlega sannprófun fór fram í janúar 2025.

Í ljósi framangreinds stendur alvarlegt frávík áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Ekki er til staðar yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli. Á þá mynd sem eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun vantar staðsetningu á niðurföllum í eldishúsum. Teikningin er því ófullnægjandi og frávikid stendur áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Í skipuriti fiskeldisstöðvarinnar vantar stöðu allra starfsmanna stöðvarinnar en einnig þarfnast það uppfærslu þar sem breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi.

Verklag um skipulag og ábyrgðarskiptingu er ófullnægjandi þar sem það tekur einungis til stöðvarstjóra og framleiðslustjóra en ekki allra starfsmanna eða stöðugilda. Starfslýsingar starfsmanna eldisstöðvarinnar eru ekki til staðar.

Verklag um þjálfun starfsfólks er ófullnægjandi. Í hana vantar að tilgreina í hverju nýliðaðþjálfun felst og innan hvaða tímamarka hún á að hafa átt sér stað. Þá vantar einnig að tiltaka hvaða þjálfun þarf að viðhalda og tíðni. Skilgreina þarf hvað felist í því að ná „fullri færni í starfi“ og hver metur það. Ekki kemur fram í verklagi að starfsmenn þurfi að fá þjálfun í að tryggja velferð eldisdýra og að lágmarka umhverfisáhrif eins og kveðið er á um viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 skal rekstrarleyfishafi halda árlega fund með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Slíkur fundur hefur ekki verið haldinn.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir skipuriti fyrir alla starfsmenn stöðvarinnar, verklagi um skipulag og ábyrgðarskiptingu, starfslýsingum allra starfsmanna, verklagsreglu um þjálfun starfsfólks og fundargerð frá árlægum fundi um efni gæðahandbókar og staðfesting á því hverjir sátu hann.

Við yfirferð á skipuriti fiskeldisstöðvarinnar kemur ekki fram fjöldi eldisstarfsmanna.

Verklag um skipulag og ábyrgðarskiptingu barst ekki.

Í ljósi framangreinds sem og þar sem búið er að lagfæra meirihluta fráviks undir þessum lið frá fyrri eftirlitsskýrslu fer frávikid úr því að vera alvarlegt frávik yfir í að vera frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær verklagsreglur sem giltu um fiskeldisstöðina. Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar voru í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins. Þá er í einhverjum tilfellum lýst verklagi sem ekki er framkvæmt, t.d. varðandi skráningu á hreinsun á fiskigildrum í verklagsreglu um eftirlit með fiskföngurum.

Í mörgum tilfellum var um að ræða vinnulýsingar en ekki verklagsreglur t.d. er varðar hreinsun á kerjum, flokkun seiða í stöð og bólusetningar.

Ekki er til staðar verklagsregla um losun á dauðfiski úr kerjum.

Verklagsregla um afhendingu seiða þarfnast uppfærslu þar sem beiðni um heimild til útsetningar seiða er ekki lengur send á tölvupósti heldur í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar.

Í verklagsreglu um bólusetningu vantar að tilgreina gæðaeftirlit með bólusetningunni. Samkvæmt upplýsingum eftirlitsþega er það framkvæmt en ekki haldið utan um það.

Í verklagsreglu um flokkun seiða í stöð vantar að tilgreina viðbragð ef t.d. barki stíflast við flutning seiða á milli kerja.

Verklagsreglur eru annað hvort á íslensku eða á íslensku og ensku en fyrir liggur að einhverjir starfsmenn eftirlitsþega skilja hvorki íslensku né ensku. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa verklagsreglur á þeim tungumálum sem allir starfsmenn hans skilja.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun óskaði eftir að fá senda verklagsreglu um losun dauðfisks úr kerjum. Slík verklagsregla barst ekki.

Búið er að lagfæra aðrar verklagsreglur.

Í ljósi framangreinds sem og þar sem búið er að lagfæra meirihluta frávika undir þessum lið frá fyrri eftirlitsskýrslu fer skráning frávíks úr því að vera alvarlegt frávik yfir í að vera frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Viðbragðsáætlanir**

Frestur til úrbóta: 20/05/2026

Frávik í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Viðbragðsáætlun um stök er ófullnægjandi. Í hana vantar að tilgreina lágmarksfjölda starfsfólks sem er við störf, hlutverk þeirra og lýsa þarf viðbragði þegar fiskur sleppur án þess að um sé að ræða afhendingu í brunnbát. Þá þarf að tilgreina hvaða veiðifélaga og sveitarfélaga þarf að beina tilkynningu um stök til. Einnig kemur ekki fram hvar net eru geymd eða hvernig á að leggja þau.

Viðbragðsáætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun er með öllu ófullnægjandi. Lýsa þarf viðbragði mun ítarlegra en gert er. Þá skortir alfarið að fjalla um hvernig hugsa skuli um fiskinn á meðan rekstrarstöðvun á sér stað m.t.t velferðar og fódunar. Gera þarf áætlun um stöðvun rekstrar í samráði við Umhverfis- og orkustofnun sem og Matvælastofnun. Þá þarf að einnig að tilkynna Matvælastofnun þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað.

Viðbragðsáætlanir eru annað hvort á íslensku eða á íslensku og ensku en fyrir liggur að einhverjir starfsmenn eftirlitsþega skilja hvorki íslensku né ensku. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa viðbragðsáætlanir á þeim tungumálum sem starfsmenn hans skilja.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Viðbragðsáætlun um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun hefur ekki verið lagfærð með fullnægjandi hætti. Lýsa þarf með ítarlegri hætti hvernig tryggja á fódun og velferð fisks í stöðinni á meðan rekstrarstöðvun stendur og hvað gert er við meltu eldisstöðvarinnar. Gera þarf áætlun um rekstrarstöðvun í samráði við Umhverfis og orkustofnun sem og Matvælastofnun. Tilkynna þarf til Umhverfis og orkustofnunar ef starfsemi hefst að nýju ef um er að ræða tímabundna rekstrarstöðvun.

Aðrar viðbragðsáætlanir hafa verið lagfærðar.

Í ljósi framangreinds sem og þar sem búið er að lagfæra meirihluta frávika undir þessum lið frá fyrri eftirlitsskýrslu fer frávikið úr því að vera alvarlegt frávik yfir í að vera frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 22/04/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 28/04/2026. Heimsóknin var boðuð fyrirfram. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 6 skoðunatriðum, þar af 2 alvarleg frávik og 4 frávik.

Nánari útlitun á skoðunatriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur
- Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir